

37
31. maí

LÖG

um

breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í staðinn fyrir málsgreinarnar: „39. Reykjavík: Reykjavíkur, Lágafells og Viðeyjarsóknir. 40. Reynivellir: Reynivalla, Saurbæjar og Brautarholtssóknir“ komi: 39. Reykjavík: Reykjavíkursókn. 40. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells, Brautarholts og Viðeyjarsóknir. 41. Reynivellir: Reynivalla og Saurbæjarsóknir.

2. gr.

Ef breytt verður skipun prestakalla, þannig, að sókn úr öðru prestakalli verði sameinuð Mosfellsprestakalli í Mosfellssveit, þá er Mosfellspresti skylt að taka að sjer prestsþjónustu í þeirri sókn.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.